



Framkvæmdir að hefjast í Elsubrekku

Framkvæmdir við stígagerð í Elsubrekku við norðurenda Smáratúns eru að hefjast. Búast má við að færsla rafmagnskapla hefjist í þessari viku en að sjálf stígagerðin hefjist í þeirri næstu. Vonir standa til að frágangur á bílastæðum í Laugartúni hefjist fljótlega og náist fyrir fyrstu snjóa.

Frístundastyrkir til barna í Svalbarðsstrandarhreppi

Svalbarðsstrandarhreppur niðurgreiðir þáttökugjöld 6 til 15 ára barna í íþróttatómstunda- og æskulýðsstarfi. Tilgangurinn er að auka möguleika þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna.

Niðurgreiðslan árið 2013 er kr. 12.070,- og fæst greidd gegn framvísun kvittunar fyrir greiðslu þáttökugjalds. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að framvísa kvittunum vegna þáttökukostnaðar ársins fyrir áramót, þar sem réttur til niðurgreiðslu fellur niður sé hann ekki nýttur.

Heimþjónusta fyrir aldraða og öryrkja

Þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem þess þurfa með stendur til boða aðstoð við heimilisstörf. Sótt skal um þjónustuna til Fjölskyldudeildar Akureyrarkaupstaðar, sem sér um að meta þjónustubörfina. Þegar matið liggur fyrir er verkefniinu úthlutað til starfsmanns Svalbarðsstrandarhrepps sem sér um að veita þjónustuna. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps.

Snjómokstur heimreiða og bílastæða fyrir eldri borgara

Svalbarðsstrandarhreppur niðurgreiðir kostnað eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu vegna moksturs heimreiðar. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag niðurgreiðslunnar fást á skrifstofu sveitarfélagsins eða á:

<http://www.svalbardsstrond.is/is/page/snjomokstur>.

Næstu rusladagar:

- 19. september - **Almennt sorp**
- 3. október - **Almennt sorp**
- 10. október - **Endurvinnsla**

Samvera á sal skólans

Á þriðjudaginn í næstu viku verður haldin samvera á sal skólans í tilefni af degi náttúrunnar. Samveran er samstarfsverkefni Valsárskóla, Álfaborgar og Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar. Foreldrar eru að sjálfsgöðu hjartanlega velkomnir á sýninguna. Eftir sýninguna gefst gestum tækifæri til að borða hafragraut, grænmeti og ávexti með nemendum Valsárskóla.

Dagskráin er eftirfarandi:

9:10 Dagskrá hefst.

1.-4. bekkur syngur og dansar Gláðasti hundur í heimi.

María Rós Þorgilsdóttir spilar pno Spænski riddarinn.

Leikskólinn syngur lagið Út í mó - inn í skóg.

Donald Kári Kelley flytur lagið pno The Entertainer.

Samsöngur - Litli Siggí og litla Sigga.

9:30 Morgunmatur.

Fjáröflun

Þessa dagana eru krakkarnir í elstu bekkjum Valsárskóla að fara að huga að fjáröflun vetrarins vegna fyrirhugaðs skólaferðalags í vor. Einn af föstu punktum fjáröflunarinnar síðustu ár hefur verið klósettpappírssala og hafa margir verið í "áskrif" og viljum við benda þeim á að nú verður hægt að fá pappír hjá Þórdísi Jóhannesdóttur (mömmu Almars Bjarka). Hægt er að ná í hana í síma 849-4035 og eins heima í Laugartúni 4. Eins munu krakkarnir taka við pöntunum þegar þeir fara í fyrstu dósasöfnun vetrarins en það verður auglýst aftur síðar.

Bestu kveðjur, 8.-10. bekkur Valsárskóla

Álfaborg

Leikskólastarfið hjá okkur í Álfaborg er að verða komið í fastar skorður og hópastarfið byrjað að rúlla. Núna fram í nóvember erum við að vinna markvisst með umhverfið í hópastarfinu og tengjum þá vinnu beint við Grænfánaverkefni Landverndar sem við vinnum jafnt og þétt. En við erum að vinna að því að fá Grænfánann afhentan í fjórða sinn árið 2014 og okkar leið til þess er að nýta og njóta náttúrunnar. Tilvalið er að tengja þessi verkefni saman og fara í rannsóknarferðir um nágrennið, njóta þess að leika í góða veðrinu eða bygja sig upp af föndurefni áður en snjórinn leggst yfir allt.



Valsárskóli

Nú er skólastarfið hafið í Valsárskóla og allt að komast í fast form. Félagsstarfið er hafið með nýjum starfsmanni Vilhjálmi Rósantssyni og bjóðum við hann öll velkomin til starfa í skólanum.



Í byrjun september var útiskóladagur þar sem m.a. var sett upp myndlistasýning í rjóðrinu. Þar sýndu nemendur listaverk sem unnin voru algerlega með náttúrulitum og efnum úr nánasta umhverfi.



Nokkrar breytingar hafa orðið á skólastarfinu með nýjum skólastjóra og vona ég að það gangi vel að aðlagast þeim. Helstu breytingar er að finna á heimasíðu skólans undir starfsáætlanir skólans.

Annars er ég mjög ánægð með skólann okkar, nemendur eru lang flestir kurteisir og áhugasamir og starfsfólkið mjög gott.

Með bestu kveðju
Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri Valsárskóla

Strætó

Hér er samantekt á ferðum Strætó um Svalbarðsströnd, leiðir nr. 56 og 79, breytingar tóku gildi 15. september sl. Hver afleggjari er stoppistöð, til að stöðva bílinn gildir að veifa og gera sig sýnilegan.

Til Akureyrar

	mán - fös					sun og helgidaga		
Fnjóskárbrú	7:21	11:21	12:10	14:26	17:16	8:31	12:10	18:16
Verkmenntaskóli	7:49							
Þórunnarstræti/FSA	7:51							
Borgarbraut/Háskóli	7:54							
Akureyri - Hof	7:57	11:47	12:40	14:52	17:42	8:57	12:40	18:42

Frá Akureyri

	mán - fös					sun og helgidaga		
Akureyri - Hof	8:27	12:10	15:00	15:15	18:12	9:27	15:15	19:27
Svalbarðseyri	8:40	12:23	15:13		18:25	9:40		19:40

Enginn akstur verður 24., 25. og 31. des. og 1. jan.

Kynnið ykkur ferðir og verðskrá Strætó nánar á www.straeto.is.

Kirkjan

Fermingarungmennirnir fara í fermingarferð austur að Vestmannsvatni 20.-21. september, það er formlegt upphaf fermingarundirbúningsins.

Fyrsta guðsþjónusta vetrarins verður 29. september kl. 11.00 í Svalbarðskirkju. Lögð er áhersla á að fermingarbörn vorið 2014 mæti þangað ásamt foreldrum og gengið verður til altaris.

Barnastarf kirkjunnar fyrir börn í 1.-4. bekk og 5.-7. bekk verður á þriðjudögum í vetur á hálfsmánaðafresti. Starfið er skipulagt í samstarfi við skólann og fer fram ýmist í skóla eða kirkju utan skólatíma. Starf yngri deildar er kl. 13.30-14.10 og eldri deild er svo kl. 14.10-15.00. Börn úr sveit í eldri hópnum fá far heim til sín með klerki eftir samveru.

Kirkjukórinn leiðir söng við kirkjulegar athafnir. Það getur verið lærdómsríkt og gefandi að syngja í kór. Fleiri raddir eru sannarlega boðnar velkomnar í kórinn og þið sem viljið syngja með honum eruð heldur betur hvött til að hafa samband við hana Petru Björk Pálsdóttur kórstýru og organista í síma: 892-3154/kotabyggd1@gmail.com.

Þessa stundina er svolítill óvissa með barnakórinn þar sem þær stöllur Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Sigríður Hulda Arnardóttir halda ekki áfram með hann í vetur, þeim er þakkað fyrir gott starf. Verið er að leita eftir nýjum stjórnanda, því áhugi er svo sannarlega fyrir hendi að halda barnakórastarfinu áfram.

Sóknarprestur

Póstlisti

Ég hef ákveðið að setja upp póstlista sem sent verður á mánaðarlega til að minna á skil á efni í Ströndung. Láttu mig vita ef þú vilt vera á þeim lista.

sandra.einars@gmail.com

Litið um öxl

Þannig orti Látra-Björg (1716-1784) um Svalbarðsströnd:

*Svalbarðsströnd,
Stírð er jafnan stjúpuhönd,
stendur upp með þjósti,
svei því ef hún Svalbarðsströnd
á sínu elur mig brjósti.*

Blanda, 7-10. hefti (01.01.1924), bls. 286

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4814380

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 15. október.
